

Sp.

## 318. Skýrsla

samgöngumálaráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1969.

### I. Innheimta tekna.

Samkvæmt bráðabirgðayfirliti ríkisbókhaldsins urðu tekjur vegasjóðs á árinu 1969, eins og hér segir:

	Áætlun m.kr.	Rauntölur m.kr.	Halli m.kr.
1.1. Benzínjald:			
Brúttótekjur .....	364.1	361.1	
Endurgreiðslur .....	11.5	15.2	
	— 352.6	— 345.9	6.7
1.2. Þungaskattur:			
Brúttótekjur .....	130.1	120.1	
Endurgreiðslur .....	8.0	1.1	
	— 122.1	— 119.0	3.1
1.3. Gúmmíjald .....		39.4	29.7 9.7
	Alls	514.1	494.6 19.5

#### 1.1. Tekjur af benzínjaldi.

Í greinargerð með till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1969—1972 var brúttósala á benzíni á tekjuárinu 1969, þ. e. nóv. 1968—okt. 1969, áætluð 71.3 millj. lítra eða 0.2 millj. lítra minni en á tekjuárinu 1968. Raunveruleg sala samkv. söluskýrslum olíufélaganna hefur hins vegar reynzt 69.3 millj. lítrar eða 1.4% minni en áætlað var. Af þessum sökum urðu brúttótekjur um 3.0 m.kr. undir áætlun.

Brúttósala á benzíni undanfarin 4 tekjuár hefur orðið, eins og hér segir:

1966 .....	68.3	millj. lítra
1967 .....	72.2	— —
1968 .....	71.5	— —
1969 .....	69.3	— —

Líklegt má telja, að hið mjög votviðrasama sumar á Suður- og Vesturlandi hafi átt verulegan þátt í þessari lækkun, eins og raunar umferðartölur úr þessum landshlutum bera með sér.

Hækkun á benzínjaldi með lögum nr. 24 frá 20. maí 1969 hefur væntanlega einnig haft nokkur áhrif á minnkandi sölu.

Endurgreiðslur á benzínjaldi hafa orðið 3.7 m.kr. eða 32% hærri en áætlað var. Stafar þessi hækkun trúlega af því, að fastar hefur verið gengið eftir endurgreiðslum en áður.

#### 1.2. Tekjur af þungaskatti.

Áætlaðar brúttótekjur af þungaskatti voru 130.1 m.kr., eru endurgreiðslur 8.0 m.kr. Í byrjun janúar 1970 voru brúttótekjur orðnar 120.1 m.kr., en endurgreiðslur 1.1 m.kr. Innkomnar nettótekjur voru því þá 3.1 m.kr. undir áætlun. Full skil á þungaskatti fyrir desember voru þó ekki komin úr öllum skattumdæmum.

Áberandi er, að endurgreiðslur á þungaskatti eru aðeins brot af því, sem áætlað var. Hinar tilgreindu endurgreiðslur á þungaskatti munu þó aðeins vera hluti af raunverulegum endurgreiðslum af þeim sökum, að í sumum skattumdæmum eru endurgreiðslur dregnar frá skattinum, án þess að þær séu tilgreindar sérstaklega. Þetta er að sjálfsgöðu mjög villandi og gerir raunverulega áætlanagerð um innheimtu þungaskatts mjög erfiða. Þarf nauðsynlega að koma þessu máli í betra horf.

#### 1.3. Tekjur af gúmmíjaldi.

Tekjur á þessum lið voru áætlaðar 39.4 m.kr., en urðu 29.7 m.kr. eða aðeins 75% af áætlun. Raunveruleg sala á hjólbörðum hefur á árinu 1969 numið 825 tonnum, en var áætluð 1090 tonn. Til samanburðar skal þess getið, að salan var 917 tonn árið 1968, 1260 tonn árið 1967 og 1320 tonn árið 1966.

### II. Skipting útgjalda og framkvæmdir.

#### 2.1.1. Launagreiðslur.

#### 2.1.2. Eftirlaunagreiðslur.

#### 2.1.3. Skrifstofukostnaður.

Ráðning fastra starfsmanna hefur verið í samsæmi við heimildir í vegáætlun. Útgjöld samkv. ofangreindum þrem liðum hafa orðið um 1.0 m.kr. hærri en áætlun gerir ráð fyrir, og stafar það af hækkun kaupgjaldsvisitölu á árinu.

#### 2.1.4. Verkfræðilegur undirbúningur framkvæmda hefur verið með sama hætti og undanfarin ár, að undanskildum undirbúningi hraðbrautaframkvæmda, sem hefur verið aukinn, eins og nánar greinir undir lið 2.3.1.

Greinargerð um rannsóknir sérstakra verkefna samkv. þál.till. er að finna undir lið 2.3.6.

#### 2.1.5 Umferðartalning og eftirlit.

Umferðartalningu var haldið áfram með svipuðum hætti og undanfarin ár. Einnig voru framkvæmdar sérstakar umferðartalningar fyrir Hvalfjarðarnefnd, sbr. kafla 2.3.1.

Við fyrrnefndar umferðartalningar kom í ljós, að mjög lítil aukning er á sumarumferð frá fyrra ári, og á Suðurlandi er umferð víða minni í sumar en sumarið 1968, t. d. var hún um 10% minni á vegum í nágrenni við Selfoss. Á Suðurlandsvegi við Rauðavatn var um nokkra aukningu umferðar að ræða. Á Hafnarfjarðarvegi við Fossvogslæk var umferð lítið eitt minni í sumar en 1968 og sömuleiðis við Kópavogslæk. Umferð um Reykjanesbraut hjá gjaldstöðinni við Straum var þó 4.9% meiri síðastliðið ár.

Við vegamót Vesturlandsvegur og Borgarnesbrautar var umferð mjög svipuð í sumar og hún var síðastliðið ár, en á vegum í nágrenni Akureyrar var um 1.8% umferðaraukning.

Þar sem mikill hluti sumarumferðar eru fólksbifreiðar, er mjög líklegt, að hið votviðrasama tíðarfar á Suður- og Vesturlandi s. l. sumar sé að verulegu leyti skýring á minnkandi umferð í þeim landshlutum,

Haft var eftirlit með öxulþunga ökutækja í náinni samvinnu við lögregluþyr-  
völd með sama sniði og síðastliðið ár. Í byrjun ársins voru keyptar tvær nýjar  
bílavogir, og var því á s. l. vori hægt að halda uppi þungaeftirliti viðs vegar á  
landinu samtímis, eins og nánar er getið í kaflanum um sumarviðhald.

### 2.1.6. Áhrif verðhækkana.

Kostnaðaráætlanir í vegáætlun fyrir árið voru miðaðar við verðlag og kaupgjald  
í febrúar 1969 (kaupgjaldsvísitala 11.35 stig). Breytingar á vísitölu einstakra fram-  
kvæmdaliða hafa orðið, eins og hér segir:

	Ágúst 1968	Febrúar 1969	Ágúst 1969	Hækkun feb./ág.
Vegaviðhald .....	665	791	812	2.7%
Vegagerð .....	615	737	752	2.0%
Brúargerð .....	804	1020	997	÷2.2%

Hækkun á vísitölu vegaviðhalds og vegagerðar frá febrúar til ágúst stafar nær  
eingöngu af hækkun á kaupgjaldi, sem nam um 11%. Lækkun á vísitölu brúargerðar-  
kostnaðar stafar hins vegar af því, að við útreikning á hækkun á brúargerðarefni  
vegna gengisbreytingarinnar í nóv. 1968 var miðað við um 50% hækkun, en sú  
hækkun reyndist ekki nema um 40%. Þessi mismunur á efniskostnaði gerði nokkru  
betur en vega á móti kauphækkuninni.

## 2.2. VIÐHALDSKOSTNAÐUR ÞJÓÐVEGA

### 2.2.1. Viðhald þjóðvega.

Þegar tillaga að vegáætlun 1969—1972 var lögð fyrir Alþingi, var í meðförum  
þingsins hækkaður tekjuliður áætlunarinnar með því að hækka benzínskattinn um  
1.00 kr. á lítra. Þessi hækkun kom þó ekki viðhaldinu til góða, heldur var tekjuaukn-  
ingunni varið til nýbygginga vega. Alls voru veittar 175.0 m.kr. til viðhalds þjóð-  
vega á árinu.

#### A. Vetrarviðhald.

Af fjárveitingu til viðhalds þjóðvega var áætlað, að 25.5 m.kr. færu til vetrar-  
viðhalds á árinu 1969, þar af 16.9 m.kr. á tímabilinu janúar—júní, en 8.6 m.kr. okt.—  
desember. Enda þótt farið væri algjörlega eftir snjómokstursreglunum frá 1967,  
varð kostnaður við vetrarviðhaldið um 28 m.kr.

#### B. Tjón af völdum náttúruhamfara.

Í lok febrúar og í marz urðu mikil flóð viðs vegar á öllu landinu, en þó sér-  
staklega á Vesturlandi og Suðurlandi. Kostnaður við viðgerðir á skemmdum af  
völdum þessara flóða varð 4.5 m.kr., en auk þess reyndist nauðsynlegt að verja um  
0.7 m.kr. til fullnaðarviðgerða á flóðaskemmdum á vegum á Austurlandi, sem urðu  
11.—13. nóv. 1968 á svæðinu frá Héraði til Lónsheiðar.

Í sumar þurfti að styrkja varnargarða á Mýrdalssandi og í Mýrdal vegna vatna-  
vaxta af völdum mikilla rigninga, og var kostnaður við það 0.9 m.kr.

Beint tjón af völdum flóða á árinu varð því:

Vatnaskemmdir í febrúar—marz 1969 .....	4.5 m.kr.
Fullnaðarviðgerð á vatnaskemmdum á Austurlandi frá nóv. 1968 .....	0.7 —
Styrking varnargarða á Mýrdalssandi s. l. sumar ....	0.9 —

Alls 6.1 m.kr.

### C. Sumarviðhald.

Til þessa liðar telst allur kostnaður á viðhaldi á auðum vegum, enda þótt það fari ekki allt fram að sumarlagi. Áætlaður kostnaður við það var 129.2 m.kr., og nær hann yfir almennt viðhald, heflun, styrkingu vega, mólun og hörpun efnis, viðhald brúa og rykbindingu vega.

Meiri áherzla var lögð á það en áður, að sem minnst af þessu fé færi í vorviðgerðir, en sem mest til varanlegs sumar- og haustviðhalds. Reynt var eftir mætti að hafa hemil á vorskemmdum með því að auka eftirlit með öxulþunga og takmarka hann. Þar sem með þurfti, þann tíma, sem frost var að fara úr jörðu. Í þessu skyni voru keyptar 2 samstæður af flytjanlegum bílavogum, til að hægt væri að fylgjast með þunga bifreiða sem víðast á landinu samtímis. Í ljós kom, að þótt full þörf sé á slíku eftirliti, þá er greinilegt, að vaxandi skilningur er hjá meginþorra þeirra, sem vöruflutninga stunda, á nauðsyn þess að vernda vegina, þegar klaki er að fara úr þeim.

Verulegt viðhald fór fram á hraðbrautum á árinu, en 4 m.kr. var úthlutað til þeirra í því skyni. Á Hafnarfjarðarvegi var lagt nýtt slitlag úr malbiki frá Hlíðarvegi að Engidal, og á Reykjanesbraut hjá Njarðvíkum var gert við malbik og axlir. Fyrirhugað var að mála akreinalínur á Reykjanesbraut, en vegna tíðarfars tókst einungis að ljúka hluta þess verks.

### D. Undirbúningur að aukinni hagræðingu í vegaviðhaldi.

Í maí 1969 voru verkstjórar Vegagerðarinnar kvaddir til tveggja daga fundar í Höfn í Hornafirði. Aðalefni fundarins var hagræðing í viðhaldi malarvega og möguleikar á betri nýtingu viðhaldsfjárins. Í október s. l. fór svo Jón Birgir Jónsson, deildarverkfræðingur, til Noregs og Svíþjóðar til að kynna sér viðhald malarvega í þessum löndum. Vegagerðir beggja landanna undirbjuggu dvöl hans og greiddu götu hans, sem bezt mátti verða.

#### 2.2.2. Vegmerkingar.

Fjárveiting var 1.5 m.kr. Var þeirri upphæð varið til að setja upp ný umferðarmerki, samkv. reglugerð nr. 61/1959, og til viðhalds eldri merkjum. Árið 1968 var ráðizt í að endurskoða staðsetningu allra eldri umferðarmerkja á landinu, og var því verki að mestu lokið s. l. sumar, en þessi endurskoðun var hafin vegna umferðarbreytingarinnar 26. maí 1968 (H-umferð).

Einnig voru sett upp nokkur ný leiðarmerki (töflur) við veigamikil vegamót.

Af einstökum flokkum vega samkvæmt vegáætlun 1969—1972 er nú lokið merk-ingum, eins og hér segir:

Af 325 km af akfærum hraðbrautum	eru merktir	325 km eða	100%
— 2732 — — —	þjóðbrautum	— —	2569 — — 94%
— 5129 — — —	landsbrautum	— —	2088 — — 41%
Alls 8186 km		4982 km eða 61%	

Mismunur á vegalengdum þessum og þeim, sem voru í skýrslu ráðherra fyrir 1968, stafa að mestu leyti af því, að 238 km, sem taldir voru til þjóðbrauta, eru nú taldir til hraðbrauta, og að nokkrar aðrar tilfærslur milli flokka hafa orðið við endurskoðun vegáætlunar.

## 2.3. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA

### 2.3.0 Lán til vegaf framkvæmda.

#### 1. Föst lán til vegaf framkvæmda.

Með heimild í III. kafla vegáætlunar 1969 hefur ráðuneytið í samræmi við framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar og Vestfjarðaáætlun aflað fastra lána til nokkurra þeirra vega, sem tilgreindir eru í III. kafla vegáætlunar 1969.

Til einstakra vegaflokka nema þessi lán eftirtöldum upphæðum:

1. Hraðbrautir .....	32.4	m.kr.
2. Þjóðbrautir .....	21.9	—
3. Landsbrautir .....	9.8	—
	<hr/>	
	Alls	64.1 m.kr.

Af þessum lánnum eru 32.4 m.kr. samkvæmt framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar, en 31.7 m.kr. samkvæmt Vestfjarðaáætlun. Um skiptingu þessara lána vísast til greinargerðar um framkvæmdir á einstökum vegum.

Föst lán vegasjóðs í árslok 1968 og 1969 voru, eins og hér segir:

	Árslok 1968 m.kr.	Árslok 1969 m.kr.	
1. Hraðbrautir .....	377.3	407.1	
2. Þjóðbrautir .....	109.1	125.9	
3. Landsbrautir .....	33.9	44.3	
	<hr/>		
	Alls	520.3	577.3

Nokkur hluti af hækkun lána til hraðbrauta á árinu 1969 stafar af gengisbreytingu þýzka marksins í október 1969, eins og nánar er skýrt í kafla 2.3.1.1.

Hins vegar hefur sú breyting orðið á, að ríkissjóður hefur tekið að sér að greiða vexti og afborganir af föstum lánnum til vegaf framkvæmda, og verður það á árinu 1970 52 472 þús. kr.

#### 2. Bráðabirgðalán til vegaf framkvæmda.

Á árinu var fylgt sömu reglu og undanfarin ár, að samþykkja aðeins bráðabirgðalán til þeirra vegaf framkvæmda, sem fjárveitingu hafa í vegáætlun næstu ár. Bráðabirgðalán til vegaf framkvæmda í árslok 1968 og 1969 voru, eins og hér segir:

	Árslok 1968 þús. kr.	Árslok 1969 þús. kr.	
1. Hraðbrautir .....	0	19 713	
2. Þjóðbrautir .....	1 758	2 800	
3. Landsbrautir .....	2 466	3 905	
4. Sýslu- og fjallvegir (brýr) .....	895	350	
	<hr/>		
	Alls	5 119	26 768

Bráðabirgðalán til sýslu- og fjallvega eru í árslok 1968 talin 895 þús. kr. hærrí en í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1968, þar sem fallið hafði niður bráðabirgðalán til brúar á Svartá á sýsluvegi í A.-Hún.

Skipting bráðabirgðalána til einstakra vegaflokka er nánar tilgreind í greinargerð um framkvæmdir í einstökum vegum.

### 2.3.1. Til hraðbrauta.

#### 1. Reykjanesbraut (A2):

##### 1. Vextir og afborganir lána.

Engar framkvæmdir hafa verið við þennan veg á árinu, en gjöld og fjáröflun voru áætluð og hafa í raun orðið, eins og hér segir:

Gjöld:	Áætlun m.kr.	Rauntölur m.kr.
1. Greiðslur vaxta og afborgana af lánum .....	56.8	49.1
2. Greiðslur fyrir efnistöku og landsþjöll .....	0.7	0.3
3. Lántökukostnaður .....		1.9
4. Óráðstöfuð fjáröflun .....		5.3
	<hr/>	<hr/>
	Alls 57.5	56.6
 Fjáröflun:		
1. Fjárveiting í vegáætlun .....	6.8	6.8
2. Framlag varnarliðsins .....	0.7	0.7
3. Tekjur af umferðargjaldi (nettó) .....	15.0	13.9
4. Lán samkv. framkvæmdaáætlun .....	29.6	29.6
5. Innstæða frá 1968 .....	5.4	5.6
	<hr/>	<hr/>
	Alls 57.5	56.6

Greiðslur vaxta og afborgana urðu 7.7 m.kr. lægri en áætlað var, og stafar það af því, að ekki kom til afborgana af stóru erlendu bráðabirgðaláni, sem síðan var breytt í fast lán, og við það kom til verulegur lántökukostnaður.

Greiðslur fyrir efnistöku og landsþjöll urðu minni en áætlað var, vegna þess að kröfum, sem farið höfðu í mat, varð ekki lokið á árinu.

Föst lán á veginum námu í árslok 1968 362.2 m.kr., en voru í árslok 1969 390.8 m.kr. og hafa því hækkað um 28.6 m.kr. Af þessari hækkun skulda eru 19.6 m.kr. vegna affalla á föstu þýzku láni, sem tekið var á árinu í stað bráðabirgðaláns, svo og vegna gengisbreytingar þýzka marksins í október s. l.

Umferð á Reykjanesbraut hjá gjaldstöðinni við Straum jókst um 4.9% á árinu miðað við 1968. Brúttótekjur jukust þó aðeins um 1.9%, sem stafar af því, að umferðaraukningin er að mestu leyti á litlum bílum í lægstu gjaldflokkunum. Þær sveiflur í innheimtukostnaði umferðargjaldsins, sem sjá má á ofangreindu yfirliti, stafa m. a. af því, að með innheimtukostnaði er talinn styrkur til rekstrar skólabifreiðar Vatnsleysustrandarhrepps samkv. sérstökum samningi, en sá styrkur hefur verið eins og hér segir:

1966 .....	0 þús. kr.
1967 .....	562 — —
1968 .....	335 — —
1969 .....	421 — —

Á árinu 1967 var með innheimtukostnaði talinn kostnaður við tengingu gjaldstöðvarinnar við Rafveitu Hafnarfjarðar. Hækkun á innheimtukostnaði 1969 stafar þó mest af launahækkunum.

##### 1a. Reykjanesbraut í Breiðholti.

Engin fjárveiting var til þessa vegar, en í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar voru veittar 2.8 m.kr. til vegarins. Greiðslur vaxta og afborgana af lánum námu 2.6. m.kr., og voru engar framkvæmdir við þennan veg á árinu.

### Tekjur af umferðargjaldi á Reykjanesbraut.

	Tala bifreiða um gjaldstöð	Tekjur alls (brúttó) kr.	Innheimtu-kostnaður kr.	Tekjur alls (nettó) kr.	Meðalumferð á dag, báðar áttir	Hlutfalls-tala umferðar
1965:						
26.10.—31.12.	39 065	2 600 690.00	365 796.21	2 234 893.79	1182	
1966:						
1.1.—31.12. ..	249 839	13 964 927.50	1 817 004.67	12 147 922.83	1369	100
1967:						
1.1.—31.12. ..	272 564	15 007 180.00	2 286 596.66	12 720 583.34	1494	108
1968:						
1.1.—31.12. ..	281 095	15 848 776.50	1 868 178.47	13 980 598.03	1540	112
1969:						
1.1.—31.12. ..	294 924	16 172 960.00	2 280 000.00	13 892 960.00	1616	118
	1 137 487	63 594 534.00	8 617 576.01	54 976 957.99		

## 2. Vesturlandsvegur (B 1):

### 1. Miklabraut—Rofabær:

Fjárveiting er 7.0 m.kr., og var hún notuð til að byggja undirstöður nýrrar brúar á Elliðaár. Brúin er bitabruú úr forspenntri steypu 53 m að lengd í tveimur höfum. Jarðfræðilegar aðstæður á brúarstæði eru þannig, að sprengja þurfti og grafa fyrir undirstöðum niður á 5—6 m dýpi. Steyptir voru sökkklar og stöplar, millistöpull í fulla hæð, en endastöplar nokkuð upp úr jörð. Brúargerð verður lokið á árinu 1970.

Í september ákvað ríkisstjórnin að hraða lagningu hraðbrauta umfram það, sem vegáætlun gerir ráð fyrir. Í framhaldi af þeirri ákvörðun var ákveðið að ljúka lagningu kaflans Miklabraut—Rofabær á árinu 1970, þó að fullnaðarfjárveiting til hans sé fyrst á árinu 1971.

Í september var því boðin út undirbygging þessa vegarkafla, um 1.0 km. Tilboð voru opnuð 15. október, og var lægsta tilboð 14.7 m.kr., en hæsta 23.0 m.kr. Áætlun Vegagerðar ríkisins nam 25.0 m.kr., og var hún miðuð við auglýsta taxta Félags vinnuvélaeigenda og Landssambands vörubifreiðastjóra með hliðsjón af einingarverðum, sem fengizt höfðu við útboð hliðstæðra framkvæmda í Hafnarfjarðarvegi um Kópavog vorið 1968. Var áætlunin því ekki miðuð við, að Vegagerðin framkvæmdi verkið með eigin tækjum, en leigugjald þeirra er mun lægra en ofangreindra aðila.

Samið var við lægstbjóðanda, sem var Loftorka s.f., og hófust framkvæmdir í byrjun nóvember, og á verki að vera lokið í júní 1970.

### 2. Rofabær—Höfðabakki:

Fjárveiting var 12.0 m.kr. Samið var við Íslenzka Aðalverktaka s/f seint á árinu 1968 um að leggja þennan vegarkafla og lána það, sem á kynni að vanta fulla fjárveitingu á árinu 1969, til tveggja ára, en heildarkostnaður var áætlaður 33 m.kr., sem var í samræmi við lægsta einingarverð, sem kom fram í útboði í Kópavogsveg vorið 1968.

Undirbyggður var 1100 m kafli vegar og steypit slitlag á 900 m, en vegurinn er með 4 akreinum. Var þessi kafli opnaður fyrir umferð í september.

### 4. Um Skeiðhól:

Fjárveiting var 3.5 m.kr. Fullgerður var og tekinn í notkun 1.5 km kafli um Skeiðhól. Auk þess var undirbúin lagning um 0.5 km kafla til viðbótar.

### 5. Um Hafnará:

Fjárveiting var 1.6 m.kr. Fullgerður var og tekinn í notkun 1.2 km kafli um nýja brú á Hafnará. Auk þess voru gerðar endurbætur á vegi og brú á Leirá í Leirársveit fyrir sömu fjárveitingu.

6. Um Seleyrargil:

Fjárveiting 0.8 m.kr., en þar af voru greiddar 300 þús. kr. vegna framkvæmda s. l. ár. Fullgerður var og tekinn í notkun 0.5 km kafli um nýja brú á Seleyrargili.

7. Til rannsóknna á Hvalfirði og Borgarfirði samkv. þingsályktunartillögu:

Fjárveiting var 0.7 m.kr. Hefur hún verið notuð til kortagerðar, dýptarmælinga, vegmælinga, umferðartalninga, veðurathugana og öldumælinga vegna starfa Hvalfjarðarnefndar og athugana hennar á mögulegum ferjuleiðum, vegstæðum og umferðarmagni, bæði fjölda bíla, stærð þeirra og flutningamagni.

Í Borgarfirði var lokið nauðsynlegum mælingum fyrir kortagerð eftir loftmyndum frá 1968.

3. Borgarnesbraut:

1. Við Borgarnes:

Fjárveiting var 200 þús. kr. Gerðar voru endurbætur á snjóþungum kafla við Borgarnes.

5. Suðurlandsvegur (G 1):

1. Vextir og afborganir lána:

Fjárveiting var 0.9 m.kr. og fór til greiðslu á vöxtum og afborgunum lána, sem tekin voru vegna undirbyggingar vegarins austan Sandskeiðs haustið 1966.

2. Lækjarbotnar—Svínahraun:

Fjárveiting var 3.7 m.kr. Fullgerður var og tekinn í notkun 1.5 km kafli, sem undirbyggður hafði verið að mestu haustið 1966. Einnig var lagfærður, hækkaður og breikkaður 1.3 km kafli af núverandi vegi um Draugahliðarbrekku, og verður hann hluti af fyrirhuguðum Suðurlandsvegi, sem hraðbraut. Eru hér 2.8 km fullgerðir undir varanlegt slitlag.

5. Bakkarholtsá—Selfoss:

Fjárveiting var 7.5 m.kr. Unnið er nú að kaflanum frá Kögunarhóli að Selfossi, sem er um 3.7 km. Grafnir voru skurðir og reistar girðingar með vegstæði s. l. sumar, og í byrjun október hófst gerð undirbyggingar og verður væntanlega að mestu lokið í febrúar 1970. Verður þá ólokið lagningu malarslitlags og ýmsum frágangi, og verður það að biða til næsta sumars.

Á þessum kafla er vegurinn á djúpri mýri. Vegna óhemju kostnaðar var ekki talið fært að fjarlægja mýri í vegstæði og fylla aftur með betra efni. Er því vegfylling lögð á óhreyfða mýrina, en skurðir grafnir báðum megin. Má því búast við, að vegurinn sigi allmikið og mest í byrjun. Reiknað er með, að tveimur árum eftir að umferð er hleypt á veginn, þ. e. sumarið 1972, verði vegurinn siginn og hægt verði þá að rétta veginn af og leggja á hann olíumöl.

7. Við Lyngás:

Fjárveiting var 0.4 m.kr. og gekk til greiðslu skuldar.

8. Um Eystri-Rangá (við nýja brú):

Fjárveiting var 0.8 m.kr. Fullgerður var og tekinn í notkun um 1.0 km kafli um hina nýju brú á Eystri-Rangá.

9. Skuld vegna flutnings raflína:

Fjárveiting var 0.1 m.kr. og gekk til greiðslu skuldar.



## 6. Verkfræðilegur undirbúningur:

Haldið hefur verið áfram undirbúningi hraðbrautaframkvæmda og lögð á hann meiri áherzla en áður, þar sem brautadeild hefur nú fengið aukna starfskrafta. Vinna nú (frá 1. nóv.) að staðaldri að undirbúningi og eftirliti með hraðbrautaframkvæmdum 4 verkfræðingar, 2 tæknifræðingar, teiknari og mælingaflokkur og auk þess 1—3 verkfræði- og tæknifræðinemar hluta úr degi.

Þetta hefur verið gert á árinu:

### 1. Vesturlandsvegur:

Árið 1967 lá fyrir frumáætlun um kaflann frá enda Miklubrautar að Leiruvogi ásamt tengingu á Þingvallaveg. Ekki hefur verið unnið að frekari frumáætlunum.

Lokaáætlun um kaflann frá enda Miklubrautar upp fyrir Höfðabakka lauk í byrjun ársins. Samið hefur verið við ráðgefandi verkfræðifyrirtæki (Almenna byggingarfélagið hf.) um gerð lokaáætlunar fyrir kaflann frá Höfðabakka að Korpu, og mun því ljúka 1. apríl 1970.

Unnið er nú að gerð loftmyndakorta fyrir kaflann frá Korpu og upp fyrir Kollafjörð, og mun því ljúka snemma árs 1970. Lokaáætlun um kaflann hefst fljótlega eftir að kort liggja fyrir, og vonast er til, að henni verði lokið að Þingvallavegi í byrjun júní, en að Kollafirði í sept.—okt.

Til undirbúnings kortagerð af Kjalarnesi og Kjós hafa verið teknar loftmyndir frá Kollafirði að Laxárvogi.

### 2. Suðurlandsvegur:

Til stóð að ljúka frumáætlun fyrir allan kaflann frá Reykjavík að Selfossi snemma á árinu, en það hefur dregið af ýmsum ástæðum, einkum á kaflanum frá Rauðavatni að Lækjarbotnum, þar sem miklar umræður hafa orðið um legu vegarins m. t. t. skipulags Reykjavíkur, skógræktar, náttúruverndar og veiði í Hólmsá—Bugðu. Frumáætlunum annarra kafla er lokið eða því sem næst, og á grundvelli þeirra er nú unnið að lokahönnun vegarins frá Lækjarbotnum upp fyrir Draugahlíðarbrekkur í Svinahrauni og frá rótum Hveradalabrekku að Selfossi, og á þeirri vinnu að ljúka í byrjun apríl að mestu. Vonast er til, að niðurstaða um legu vegarins frá Rauðavatni að Lækjarbotnum fái mjög bráðlega, svo að hægt sé að ljúka frumáætlun fljótlega og lokaáætlun í byrjun júlí.

### 3. Reykjanesbraut:

Lokið var við frumáætlun kaflans frá Miklubraut að Breiðholtsbraut.

### 4. Hraðbrautir um Akureyri:

Haldið var áfram mælingum og undirbúningi að kortagerð vegna hraðbrauta um Akureyri. Af tæknilegum ástæðum tókst þó ekki að ljúka nauðsynlegri loftmyndatöku fyrir kortagerð.

## 2.3.2. Til þjóðbrauta.

(Tölulíðir samkv. vegáætlun 1969—1972.)

### 1. Grindavíkurvegur (A 5):

#### 2. Ofan Grindavíkur:

Fjárveiting 500 þús. kr. Endurbyggður var 0.4 km kafli af veginum.

### 3. Vesturlandsvegur (B 1):

#### 5. Um Laxá:

Fjárveiting 500 þús. kr. Tengd var til umferðar ný brú á Laxá í Döllum, en framkvæmdum varð eigi að fullu lokið sakir óhagstæðs tíðarfars.

7. Brekka—Hvoll:  
Fjárveiting 400 þús. kr. Endurbyggður var 0.8 km kafli í Saurbæ.
  9. Kleifahlið:  
Fjárveiting 460 þús. kr. Þar af fóru 35 þús. kr. til greiðslu skulda. Lokið var fullnaðarfrágangi og mölburði á köflum í Kleifahlið og um Ólafsdal, sem lagðir voru 1967.
  10. Í Gilsfirði um Drifandahamar:  
Fjárveiting 540 þús. kr. Sprengt var fyrir og fullgerður 0.5 km langur kafli um Drifandahamar.
  11. Í Gilsfirði:  
Fjárveiting 460 þús. kr. fór til greiðslu skuldar.
4. Stykkishólmsvegur (B 26):
    4. Á Kerlingaskarði:  
Fjárveiting var 500 þús. kr. Endurbyggðir voru tveir snjóþungir kaflar um Furu og Sneið.
    5. Ólafsvíkurvegur (B 36):
      2. Enni:  
Fjárveiting 1850 þús. kr. fór til greiðslu skuldar. Föst lán í árslok 1968 4.0 m.kr. Föst lán í árslok 1969 3.5 m.kr.
    6. Grundarfjarðarvegur (B 41):  
Fjárveiting 150 þús. kr. fór til greiðslu skuldar.
    7. Vestfjarðavegur (C 1):
      1. Sunnan Þingmannaheiðar:  
Fjárveiting var 1.5 m.kr. Framkvæmdalán nam 8.9 m.kr. Eftirstöðvar láns frá fyrra ári 350 þús. kr. Til greiðslu á vöxtum og lántökukostnaði fóru 1.8 m.kr. og til greiðslu skuldar við Bíldudalsveg 150 þús. kr. Þrátt fyrir mjög óhagstæða veðráttu, tókst að gera veginn akfæran um miðjan nóvember, og er þá vegur um Þingmannaheiði lagður niður. Kostnaður varð 8.2 m.kr. Vegna veðurs og meiri sprenginga en áætlað var, fór kostnaður fram úr áætlun. Áætlaður kostnaður við að ljúka mölburði og frágangi við veginn er 2.8 m.kr., og vantar því fjárveitingu að upphæð 2.2 m.kr. Föst lán í árslok 1968 14.2 m.kr. Föst lán í árslok 1969 23.8 m.kr., þar af eru 800 þús. kr. vegna hækkunar vestur-þýzka marksins í okt. 1969.
      2. Gemlufallsheiði:  
Framkvæmdalán nam 9.5 m.kr. Til greiðslu á vöxtum og lántökukostnaði fóru 930 þús. kr. Unnið var við 6.4 km langan kafla, þar af voru 1.5 km mölbornir og teknir í notkun, en 4.9 km kafli var undirbyggður og gerður jeppafær. Kostnaður varð 7.4 m.kr. Óhagstæð veðráttu tafði verkið mikið og olli því, að kostnaður fór fram úr áætlun. Áætlaður kostnaður við að ljúka verkinu er 2.4 m.kr., og til þess vantar því fjárveitingu að upphæð 1.2 m.kr. Föst lán í árslok 1968 0 m.kr. Föst lán í árslok 1969 10.3 m.kr., þar af eru 800 þús. kr. vegna hækkunar vestur-þýzka marksins í okt. 1969.
      3. Breiðadalsheiði:  
Fjárveiting var 1.3 m.kr. Framkvæmdalán nam 3.5 m.kr. Eftirstöðvar láns frá fyrra ári 1125 þús. kr. 2.6 m.kr. fóru til greiðslu á vöxtum og afborgunum af lánum. Lánaðar voru 2.2 m.kr. til framkvæmda á Súgandafjarðarvegi og 300 þús. kr. til Bolungarvíkurvegur. Framkvæmdum frestað. Föst

lán í árslok 1968 28.7 m.kr. Föst lán í árslok 1969 32.5 m.kr., þar af eru 300 þús. kr. vegna hækkunar vestur-þýzka marksins í okt. 1969.

8. Barðastrandarvegur (C 7):

1. Kleifaheiði:

Fjárveiting var 940 þús. kr. og bráðabirgðalán út á vegáætlun 1970 300 þús. kr. Til greiðslu skulda fóru 63 þús. kr. Undirbyggður var 1.4 km langur kafli á vesturbrún Kleifaheiðar.

9. Strandavegur (C 28):

1. Í Bæjarhreppi:

Fjárveiting var 90 þús. kr., sem fór til greiðslu skuldar.

11. Siglufjarðarvegur (D 33):

1. Norðan Sauðárkróksflugvallar:

Fjárveiting 500 þús. kr. og bráðabirgðalán út á vegáætlun 1970 500 þús. kr. Unnið var að grjótvörn við veg hjá flugvelli vegna ágangs sjávar.

2. Um Vatn:

Fjárveiting 430 þús. kr. Grafnir voru skurðir meðfram fyrirhugaðri veglínu og steyp tæsi.

6. Um Almenna:

Fjárveiting 11.84 m.kr. fór til greiðslu skuldar. Föst lán í árslok 1968 46.6 m.kr. Föst lán í árslok 1969 41.7 m.kr.

12. Norðurlandsvegur (E 1):

1. Um Norðurá í Heiðarsporði:

Engin fjárveiting var til þessa kafla á árinu, en unnið var fyrir lánsfé og fullgerður og tekinn í notkun 0.6 km kafli um nýja brú á Norðurá í Heiðarsporði.

2. Biskupsbeygja á Holtavörðuheidi:

Fjárveiting var 430 þús. kr. Tekinn var í notkun 0.5 km kafli, sem eigi reyndist unnt að fullgera sakir óhagstæðrar veðráttu.

3. Hæðarsteinsbrekka:

Fjárveiting var 1.45 m.kr., en framkvæmdum var frestað til næsta árs sakir óhagstæðrar veðráttu.

4. Um Síká:

Fjárveiting 400 þús. kr. Unnið var að undirbyggingu vegar um 2.0 km að fyrirhugaðri brú á Síká.

8. Um Bólstaðarhlíðarbrekku:

Fjárveiting 300 þús. kr. Unnið var að lagfæringum á brekkunni, sérstaklega með tilliti til langra flutningabíla.

13. Um Fnjóská:

Fjárveiting 1.13 m.kr. Lokið var 1.6 km vegi um Fnjóská.

14. Norðan Lauga:

Fjárveiting 230 þús. kr. Fulllokið var við 0.4 km kafla sunnan við Breiðumýri.

15. Kárhóll—Reykjadalsá:

Fjárveiting engin, en bráðabirgðalán út á vegáætlun 1970 300 þús. kr. Grafnir voru skurðir meðfram fyrirhugaðri veglínu á þessum kafla.

17. **Á Mývatnsöræfum:**  
Fjárveiting 300 þús. kr. Lagfærður var 0.8 km kafli.
13. **Ólafsfjarðarvegur (E 2):**  
3. Um Ólafsfjarðarmúla:  
Fjárveiting 2.02 m.kr. fór til greiðslu skuldar. Föst lán í árslok 1968 8.1 m.kr. Föst lán í árslok 1969 7.3 m.kr.
14. **Kinnarvegur (E 21):**  
1. Halldórsstaðir—Fellssel:  
Fjárveiting engin, en bráðabirgðalán út á vegáætlun 1970 200 þús. kr. Grafnir voru skurðir meðfram veginum milli Fellssels og Landamóts.  
3. Um Húsabakka:  
Fjárveiting engin, en bráðabirgðalán út á vegáætlun 1970 1.0 m.kr. Lokið var við 2.2 km kafla sunnan Húsabakka.
15. **Þingeyjarsýslubraut (E 25):**  
1. Norðan Vestmannsvatns:  
Fjárveiting engin, en bráðabirgðalán út á vegáætlun 1972 1.0 m.kr. Undirbyggður um 2.0 km kafli og mölborinn að nokkru.  
2. Í Aðaldalshrauni:  
Fjárveiting 510 þús. kr. Lokið var við að mölbera um 2.0 km kafla vestan Aðaldalsflugvallar að Sandsvegi.  
3. Einarstaðir—Húsavík:  
Fjárveiting 1.55 m.kr. fór til greiðslu skuldar.  
4. Sunnan Húsavíkur:  
Fjárveiting 360 þús. kr. Gerðar voru endurbætur á kafla skammt sunnan bæjarmarka Húsavíkur vegna fyrirhugaðra framkvæmda við þéttbýlisveg bæjarins.  
5. Norðan Húsavíkur:  
Fjárveiting 800 þús. kr. Lokið var uppbyggingu vegarins frá enda þéttbýlisvegar á Húsavík norður fyrir Bakkaá, sem var að mestu undirbyggður 1967.  
7. Um Auðbjargarstaðabrekku:  
Fjárveiting 350 þús. kr. Unnið var að breikkun og lagfæringum á brekkunni með sérstöku tilliti til vetrarumferðar.  
10. Norðan Kópaskers:  
Fjárveiting 750 þús. kr. Undirbyggður og mölborinn að hluta 4.3 km kafli norðan við Kópasker.  
11. Á Ytra-Hálsi:  
Fjárveiting 350 þús. kr. Undirbyggður og mölborinn að nokkru 3.1 km kafli við Deildarvatn. Framkvæmdum ekki lokið.  
14. Um Ytri-Brekkur:  
Fjárveiting 650 þús. kr. Fulllokið var við 2.3 km kafla um Ytri-Brekkur.
16. **Austurlandsvegur (F 1):**  
1. Á Jökuldalsheiði:  
Fjárveiting 1.8 m.kr. Til afborgana af lánnum fóru 250 þús. kr. Fullgerður var 3.0 km kafli, frá Lönguhlíð að Viðidalsá og undirbyggður 1.5

- km kafli austan Viðidalsár. Föst lán í árslok 1968 1.5 m.kr. Föst lán í árslok 1969 1.4 m.kr.
3. Um Rangá:
 

Fjárveiting 890 þús. kr. Fullgerður var 1.0 km kafli við nýja brú á Rangá hjá Flúðum.
  5. Í Breiðdal:
 

Fjárveiting 1.44 m.kr. Lokið var við 2.6 km kafli um Ásunnarstaði, sem undirbyggður var 1968.
  6. Ós—Starmýri:
 

Fjárveiting 900 þús. kr. Fullgerður var 0.9 km kafli utan við Geithella í Álftafirði.
18. Norðfjarðarvegur (F 26):
1. Egilsstaðir—Eskifjörður:
 

Fjárveiting 586 þús. kr. Lokið var við 0.6 km vegarkafli ofan við Skriður, sem byrjað var á 1968.
  2. Um Oddsskarð:
 

Fjárveiting 650 þús. kr. Fyrirhugað var að verja fjárveitingunni til rannsókna á jarðgangagerð í Oddsskarði. Ruðningsvegur var lagður að fyrirhugaðri borholu, en bor fékkst ekki til verksins, og því framkvæmdum frestað. Eftirstöðvar af fjárveitingu um 500 þús. kr.
19. Suðurfjarðavegur (F 31):
1. Um Vattarnes:
 

Fjárveiting 2.2 m.kr. Til afborgana af lánum fóru 1.19 m.kr. Gengið var frá slitlagi, sem lagt var á 9 km kafla þessa vegar árið 1968. Föst lán í árslok 1968 6.0 m.kr. Föst lán í árslok 1969 5.4 m.kr.
  2. Í Stöðvarfirði:
 

Fjárveiting 500 þús. kr. Lokið var við 1.0 km kafla innan við þorpið í Stöðvarfirði, sem byrjað var á 1968.
20. Suðurlandsvegur (G 1):
1. Við Rauðalæk:
 

Fjárveiting 110 þús. kr. fór til greiðslu skuldar.
  5. Við Kattarnef:
 

Fjárveiting 1.8 m.kr. Fullgerður var um 1.7 km kafli ásamt 700 m garði til varnar vegi gegn ágangi Markarfljóts.
21. Þingvallavegur (G 3):
1. Í Þjóðgarði:
 

Fjárveiting 140 þús. kr. Sett var niður nýtt ristarhlið í Þjóðgarðsgirðingu.
23. Skeiðavegur (G 23):
2. Suðurlandsvegur—vegamót við Reyki:
 

Fjárveiting 540 þús. kr. fór til greiðslu skuldar. Föst lán í árslok 1968 4.3 m.kr. Föst lán í árslok 1969 3.8 m.kr.

### 2.3.3 Til landsbrauta.

(Töluliðir samkvæmt vegáætlun 1969—1972).

2. **Meðalfellsvegur (A 14):**
  1. Vesturlandsvegur—Bugða:  
Fjárveiting 450 þús. kr. fór til endurbóta við Vesturlandsveg, Bugðu og Meðalfell.
4. **Dragavegur (B 2):**
  1. Um Kornahlíð:  
Fjárveiting 120 þús. kr. fór til greiðslu skuldar.
5. **Svínadalsvegur (B 3):**

Fjárveiting 40 þús. kr. fór til greiðslu skuldar.
6. **Leirársveitarvegur (B 6):**

Fjárveiting 150 þús. kr. Lagfærður var 0.8 km kafli milli Beitistaða og Leirár.
7. **Melasveitarvegur (B 7):**
  1. Um Belgsholt:  
Fjárveiting 550 þús. kr. Unnið var að endurbyggingu 0.9 km kafla, en verkinu er enn eigi lokið.
8. **Mófellsstaðavegur (B 8):**
  1. Um Hrepp:  
Engin fjárveiting, en unnið var fyrir 220 þús. kr. bráðabirgðalán út á vegáætlun 1970. Fullgerður var og tekinn í notkun 0.5 km kafli um tún á Efri-Hrepp.
11. **Reykðælavegur (B 16):**
  1. Um Logaland:  
Fjárveiting 150 þús. kr. Endurbyggður var og tekinn í notkun 0.3 km kafli um Logaland.
12. **Hálsasveitarvegur (B 17):**
  1. Um Deildargil:  
Fjárveiting 450 þús. kr. fór til greiðslu skuldar.
14. **Þverárhlíðarvegur (B 19):**
  1. Um Örnólfsdalsá:  
Fjárveiting 170 þús. kr. fór til greiðslu skuldar.
15. **Norðurárdalsvegur (B 22):**
  1. Hóll—Hafþórsstaðir:  
Fjárveiting 700 þús. kr. Lokið var að mestu undirbyggingu á 1.1 km kafla milli Hóls og Hafþórsstaða.
16. **Þursstaðavegur (B 27):**

Fjárveiting 50 þús. kr. fór til greiðslu skuldar.

18. Heydalsvegur (B 33):  
 1. Um Akra:  
 Fjárveiting 30 þús. kr. fór til greiðslu skuldar.
18. Heydalsvegur (B 33):  
 Fjárveiting var 1.47 m.kr., þar af fór til greiðslu skuldar 493 þús. kr. Fullgerður var og tekinn í notkun 2.4 km kafli frá Heggstöðum inn fyrir Hnúka, að nokkru undirbyggður 1968. Föst lán í árslok 1968 2.7 m.kr. Föst lán í árslok 1969 2.5 m.kr.
19. Útnesvegur (B 40):  
 Engin fjárveiting, en unnið var fyrir bráðabirgðalán 750 þús. kr. út á vegáætlun 1970. Fullgerður var og tekinn í notkun 0.7 km kafli ofan Hellissands.
20. Hörðudalsvegur (B 44):  
 Fjárveiting 200 þús. kr. fór til greiðslu skuldar.
22. Hlíðarvegur (B 46):  
 Fjárveiting 60 þús. kr. fór til greiðslu skuldar.
24. Laxárdalsvegur (B 48):  
 Fjárveiting 200 þús. kr. og bráðabirgðalán út á vegáætlun 1970 250 þús. kr. Til greiðslu skuldar fóru 191 þús. kr. Unnið var að mólburði á Laxárdalsvegi norðan Laxár (Laxárbrú—Gillastaðir), en verkinu er ekki lokið.
25. Klofningsvegur (B 49):  
 Fjárveiting 1.05 m.kr. Þar af fóru 192 þús. kr. til greiðslu skuldar. Lokið var endurbyggingu vegarins um Rauðbarðaholt og Hólsá, alls um 2 km. Einnig voru gerðar endurbætur á kaflanum Hóll—Breiðabólstaður.
26. Neðribyggðarvegur (B 50):  
 Fjárveiting 40 þús. kr. fór til greiðslu skuldar.
27. Efribyggðarvegur (B 51):  
 Fjárveiting 320 þús. kr. fór til greiðslu skuldar.
28. Staðarhólsvegur (B 52):  
 Fjárveiting 20 þús. kr. fór til greiðslu skuldar.
29. Sælingsdalsvegur (B 53):  
 Fjárveiting 40 þús. kr. fór til greiðslu skuldar.
32. Örlygshafnarvegur (C 9):  
 1. Að flugvelli og Hafnarfj.:  
 Fjárveiting 550 þús. kr. fór til greiðslu á vöxtum af lánum. Föst lán í árslok 1968 1.5 m.kr. Föst lán í árslok 1969 1.5 m.kr.
35. Bíldudalsvegur (C 12):  
 1. Um Hálfán:  
 Fjárveiting 480 þús. kr. fór til greiðslu á vöxtum af lánum. Föst lán í árslok 1968 7.4 m.kr. Föst lán í árslok 1969 7.4 m.kr.

36. Tálknafjarðarvegur (C 14):

1. Frá Bildudalsvegi að Tunguþorpi:

Fjárveiting 150 þús. kr. fór til greiðslu skuldar.

40. Súgandafjarðarvegur (C 21):

Fjárveiting var engin, en nýtt framkvæmdalán nam 6.8 m.kr., og eftirstöðvar af láni frá 1968 voru 800 þús. kr. Af framkvæmdafé á Vestfjarðavegi á Breiðadalsheiði voru lánaðar 2.2 m.kr. í samráði við þingmenn kjördæmisins. 960 þús. kr. fóru til greiðslu á vöxtum og lántökukostnaði. Efst í Botnsdal var 3.0 km langur kafli undirbyggður og mólborinn það mikið, að hægt var að taka hann í notkun. Enn fremur var 0.5 km kafli undirbyggður. Óunninn er 1.0 km langur kafli neðst í Botnsdal. Áætlaður kostnaður við að ljúka framkvæmdum er 3.1 m.kr. Til að ljúka framkvæmdum og borga lán til Vestfjarðavegar á Breiðadalsheiði vantar því fjárveitingu 5.3 m.kr. Tvær aðalástæður eru fyrir því, að kostnaðaráætlun stóðst ekki. Í fyrsta lagi þurfti að sprengja fyrir um 3.0 m.kr., sem ekki var gert ráð fyrir í áætluninni, og í öðru lagi vegna mjög óhagstæðrar veðráttu. Föst lán í árslok 1968 4.5 m.kr. Föst lán í árslok 1969 11.8 m.kr., þar af eru 600 þús. kr. vegna hækkunar vestur-þýzka marksins í okt. 1969.

41. Bolungarvíkurvegur (C 22):

Fjárveiting var 400 þús. kr. Framkvæmdalán nam 3.0 m.kr., en endurgreitt lánsfé frá Hólsárbrú nam 1.4 m.kr. Til greiðslu á vöxtum og lántökukostnaði fóru 950 þús. kr. Af framkvæmdafé til Vestfjarðavegar á Breiðadalsheiði var lánað 0.3 m.kr. Lagður var og tekinn í notkun 1.8 km langur kafli milli Ísafjarðar og Hnífsdals, en eftir er að leggja 1.2 km af þeim vegi næst Hnífsdal. Eigi reyndist unnt að ljúka framkvæmdum sökum mjög óhagstæðs tíðarfars, og urðu framkvæmdir mun dýrari, bæði vegna þess og einnig vegna umferðar, en halda þurfti veginum opnum meðan á framkvæmdum stóð. Enn fremur var undirbyggður og mólborinn að nokkru 0.6 km kafli á Hólssandi sunnan Bolungarvíkur. Áætlaður kostnaður við að ljúka vegagerð þar og milli Ísafjarðar og Hnífsdals er 1.0 millj. kr. Til að ljúka framkvæmdum og borga lán til Vestfjarðavegar á Breiðadalsheiði vantar því fjárveitingu 1.3 m.kr. Föst lán í árslok 1968 9.9 m.kr. Föst lán í árslok 1969 13.2 m.kr., þar af eru 300 þús. kr. vegna hækkunar vestur-þýzka marksins.

42. Djúpvegur (C 24):

- a) Ísafjörður—flugvöllur. Fjárveiting var 440 þús. kr. og fór til greiðslu vaxta af föstum lánum að upphæð 6.8 millj. kr.
- b) Flugvöllur—Ögur. Fjárveiting var 1.84 m.kr. Þar af voru 380 þús. kr. lánaðar til bráðabirgða til Snæfjallastrandarvegar út á vegáætlun 1970, sbr. lið 44.1. Föst lán í árslok 1968 6.8 m.kr. Föst lán í árslok 1969 6.8 m.kr.

44. Snæfjallastrandarvegur (C 27):

1. Utan við Mórillu:

Fjárveiting 920 þús. kr. og 380 þús. kr. bráðabirgðalán út á vegáætlun 1970 frá Djúpvegi. Fullgerður var 2.5 km langur kafli frá Mórillu að Bæjum.

45. Strandavegur (C 28):

1. Balar—Kaldbakskleif:

Fjárveiting 1.04 m.kr. Til greiðslu skuldar fóru 332 þús. kr. Unnið var að lagfæringum og endurbótum á fyrrgreindum kafla.



47. **Drangnesvegur (C 31):**  
 1. Norður úr Drangnesþorpi:  
 Fjárveiting 580 þús. kr. Fullgerður var og tekinn í notkun um 0.4 km kafla norður úr þorpinu.
48. **Norðurfjarðarvegur (C 32):**  
 Fjárveiting var engin á fjárlögum, en bráðabirgðalán út á vegáætlun 1971 205 þús. kr. Unnið var að lagfæringum í Urðarhlíð og 0.4 km langur vegur lagður að bryggju í Norðurfirði.
49. **Heggstaðanesvegur (D 1):**  
 3. Um Sanda:  
 Fjárveiting 200 þús. kr. Settar voru upp girðingar vegna nýbyggingar 1966, en framkvæmdum frestað að öðru leyti.
50. **Vesturárdalsvegur (D 3):**  
 1. Kollafoss—Húkur:  
 Fjárveiting 50 þús. kr. fór til greiðslu skuldar.
54. **Borgarvegur (D 7):**  
 1. Síða—Reyðarlækur:  
 Fjárveiting 340 þús. kr. Fullokið var við 2.4 km við Bjarghús, og er tengingu milli Síðu og Bjarghúsa lokið. Auk þess var ruddur vegur norður frá nýja kaflanum að Faxalæk.
55. **Vatnsdalsvegur (D 9):**  
 1. Kornsá—Miðhús:  
 Fjárveiting 150 þús. kr. Lagfærðir snjóastaðir og endurbyggt ræsi.
56. **Reykjabraut (D 11):**  
 1. Beinakelda—Reykir:  
 Fjárveiting 2.83 m.kr. Undirbyggðir voru 5.0 km vestan við Reyki, og er undirbyggingu Reykjabrautar lokið. Nokkur hluti þessa kafla var mólborinn og verður notaður til vetrarumferðar.
59. **Skagavegur (D 18):**  
 1. Tjörn—Tjarnarklif:  
 Fjárveiting 550 þús. kr. Framkvæmdum frestað vegna óhagstæðs tíðarfars.
60. **Þverárfjallsvegur (D 21):**  
 1. Um Njálstaðabrúnir:  
 Fjárveiting 720 þús. kr. Framkvæmdum frestað vegna óhagstæðs tíðarfars.
61. **Sæmundarhlíðarvegur (D 24):**  
 Fjárveiting 50 þús. kr. fór til greiðslu skuldar.
65. **Bæjarvegur (D 40):**  
 Fjárveiting engin, en bráðabirgðalán 200 þús. kr. út á vegáætlun 1970. Grafnir voru skurðir meðfram fyrirhugaðri veglínu og sett niður ræsi. Framkvæmdum ekki lokið.

66. Sléttuhlíðarvegur (D 41):  
Fjárveiting 300 þús. kr. Nýjar brýr á Skálá og Langalæk voru tengdar (um 0.4 km).
69. Ólafsfjarðarvegur eystri (E 4):  
1. Hóll—Vatnsendi:  
Fjárveiting 40 þús. kr. fór til greiðslu skuldar.
70. Svarfaðardalsvegur (E 5):  
1. Um Klaufabrekku:  
Fjárveiting 100 þús. kr. Fulllokið var við 1.4 km nýbyggingu við Klaufabrekku.
72. Hörgárdalsvegur (E 11):  
1. Um Dunhaga:  
Fjárveiting 300 þús. kr. Fullgerður var 0.4 km kafli um Dunhaga.
74. Blómsturvallavegur (E 13):  
Fjárveiting 30 þús. kr. fór til greiðslu skuldar.
75. Eyjafjarðarbraut (E 14):  
3. Við Torfufellsá:  
Fjárveiting 200 þús. kr. Lokið var frágangi á um 0.8 km kafla við Torfufellsá.
76. Svalbarðsstrandarvegur (E 17):  
1. Um Þórisstaði:  
Fjárveiting 300 þús. kr. Byggður var 1.0 km kafli sunnan Þórisstaða.
77. Fnjóskadalsvegur vestri (E 18):  
1. Sunnan Skóga:  
Fjárveiting 250 þús. kr. Til greiðslu skuldar fóru 105 þús. kr. Unnið var að lagfæringum á snjóþungum stöðum 0.3 km og endurbyggð ræsi.
78. Vaglaskógarvegur (E 19):  
1. Um Mörk:  
Fjárveiting 150 þús. kr. Endurbyggðir og lagfærðir voru um 2.0 km sunnan Vaglaskógar.
80. Fremstafellsvegur (E 22):  
1. Vestan Fremstafells:  
Fjárveiting 170 þús. kr. Kafllinn milli Fellsenda og Fremstafells 2.0 km var lagfærður.
81. Út-Kinnarvegur (E 23):  
1. Ófeigsstaðir—Skálaá:  
Fjárveiting 320 þús. kr. Kafllinn milli Þóroddsstaða og Ófeigsstaða 1.0 km var endurbyggður.
82. Bárðardalsvegur (E 24):  
1. Lundarbrekka—Viðiker:  
Fjárveiting 250 þús. kr. Undirbyggður var um 2.3 km kafli sunnan Rauðafells.

83. **Hvammavegur (E 27):**  
 2. Við Grenjaðarstað:  
 Fjárveiting 50 þús. kr. fór til greiðslu skuldar. Bráðabirgðalán 600 þús. kr. út á vegáætlun 1971. Undirbyggður og mölborinn að mestu 1.2 km kafli austan við Eyvindarlæk.
84. **Sandsvegur (E 30):**  
 1. Þingeyjarsýslubraut—Hraunkot:  
 Fjárveiting 250 þús. kr. Staðir, sem voru erfiðir í vetrarfærð, voru endurbýggðir, ásamt öðrum lagfæringum.
87. **Mývatnssveitarvegur (E 33):**  
 1. Um Garðsgrundir:  
 Fjárveiting 300 þús. kr. Fulllokið var við undirbyggingu og mölburð á 2.0 km kafla um Garðsgrundir.  
 2. Lagfæringar á hættulegum stöðum:  
 Fjárveiting 150 þús. kr. fór til greiðslu skuldar.
89. **Vestursandsvegur (E 35):**  
 1. Um Seyrur:  
 Fjárveiting 200 þús. kr. Byggður var 0.1 km kafli ásamt ræsi um Seyrur.
94. **Upphéraðsvegur (F 16):**  
 Fjárveiting 210 þús. kr. Undirbyggður var og mölborinn að nokkru leyti 0.7 km kafli utan Gilsár.
95. **Fljótsdalsvegir (F 17—19):**  
 Fjárveiting engin, en bráðabirgðalán út á vegáætlun 1971 200 þús. kr. Fullgerður var 0.8 km kafli utan við Víðivelli ytri.
96. **Fjarðarheiðarvegur (F 20):**  
 Fjárveiting 800 þús. kr. Unnið var að endurbótum á 1.1 km kafla ofan við Steinholt.
97. **Seyðisfjarðarvegur (F 21):**  
 Fjárveiting 180 þús. kr. til greiðslu skuldar.
98. **Úthéraðs- og Borgarfjarðarvegur (F 22):**  
 Fjárveiting 1.1 m.kr. Fullgerður var 1.8 km kafli innan við Mýnes.
101. **Mjóafjarðarvegur (F 27):**  
 Fjárveiting 200 þús. kr. Unnið var að mölburði og lagfæringum í Eyvindarárdal og Slenjudal, og undirbyggður að mestu 0.6 km kafli innan Grjótár.
103. **Vallanesvegur (F 29):**  
 Fjárveiting 60 þús. kr. Bráðabirgðalán út á vegáætlun 1970 allt að 340 þús. kr. Undirbyggður var og mölborinn að mestu 1.0 km kafli utan við Uxalæk.
108. **Austurlandsvegur í Skaftafellssýslu (F 1):**  
 1. Austan Jökulsár á Breiðamerkursandi:  
 Fjárveiting 1.3 m.kr. Fullgerður var 1.3 km kafli norðan við Þveit.

2. Vestan Jökulsár á Breiðamerkursandi:  
Fjárveiting 800 þús. kr. Unnið var við undirbyggingu vegar í Kvíár-  
mýri, en framkvæmdum ekki lokið.
109. Suðurlandsvegur (G 1):
2. Við Kálfá:  
Fjárveiting 150 þús. kr. Sett var ræsi í veginn og lokið við mölburð á  
0.6 kafla austan Kálfár.
3. Við Ásakvíslar:  
Fjárveiting 300 þús. kr. Vegurinn var mölborinn austan við Eldvatn  
og er þar með fullgerður.
112. Geysisvegur (G 18):
1. Kjóstaðir—Brattholt:  
Fjárveiting 2.0 m.kr. og bráðabirgðalán 1.0 m.kr. út á vegáætlun 1970.  
Lokið var við undirbyggingu 0.3 km kafla og mölburði og ræsagerð á 5.0 km  
vegar.
113. Hrunamannavegur (G 26):
1. Norðan Laxárbrúar:  
Fjárveiting 200 þús. kr. Endurbyggður var um 0.3 km kafli norðan  
Laxár.
115. Hrunavegur (G 29):
1. Við Hruna:  
Fjárveiting 100 þús. kr. Endurbætur á 0.1 km kafla.
116. Þjórsárdalsvegur (G 31):
1. Sandlækjarholt—Sandá:  
Fjárveiting 1.06 m.kr. fór til greiðslu skuldar. Föst lán í árslok 1968  
8.5 m.kr. Föst lán í árslok 1969 7.4 m.kr.
120. Þykkvabæjarvegur (G 49):
2. Í Þykkvabæ:  
Fjárveiting 50 þús. kr. fór til greiðslu skuldar.
125. Út-Landeyjavegur (G 60):  
Fjárveiting 100 þús. kr. fór til greiðslu skulda.
128. Álftaversvegur (G 76):
1. Við Norðurhjáleigu:  
Fjárveiting 130 þús. kr. fór til greiðslu skulda vegna nýbyggingar 1968.
129. Meðallandsvegur (G 79):
3. Við Langholt:  
Fjárveiting 150 þús. kr. fór til greiðslu skuldar við Suðurlandsveg.  
(Mölborinn austurhluti Suðurlandsvegar í Eldhrauni.)
130. Stórhöfðavegur (G 81):  
Fjárveiting 290 þús. kr. fór til endurbyggingar vegarins.

131. Til greiðslu skulda á vegum, sem falla úr tölu þjóðvega:

Fjárveiting 590 þús. kr. fór til greiðslu skulda á vegum, sem féllu úr tölu þjóðvega vegna breytinga á vegalögum og endurskoðun á flokkun vega, sem gerð var samhliða vegáætlun 1969—72.

Hliðarvegur að Fólksvangi, Kjós .....	40 þús. kr.
— — Bjarnarhafnarkirkju, Snæf. ....	50 — —
— — Laugalandsskóla, Eyjafj.s. ....	50 — —
— — Svalbarðskirkju, S.-Þing. ....	40 — —
— — Hálskirkju, S.-Þing. ....	40 — —
— — Illugastaðakirkju, S.-Þing. ....	165 — —
— — Haftralækjarskóla, S.-Þing. ....	185 — —
Mývatnssveitarvegur nyrðri, S.-Þing. ....	20 — —

Alls 590 þús. kr.

2.3.4. Til girðinga og uppgræðslu meðfram vegum.

Fjárveiting var 4.0 m.kr., og var henni skipt til helminga þannig, að 2.0 m.kr. voru ætlaðar til uppgræðslu og 2.0 m.kr. til girðinga.

Uppgræðsla fór fram með svipuðum hætti og árið 1968. Sáð var í ný og gömul flög með vegum og auk þess borið á svæði, sem sáð hafði verið í árið áður.

Fjárveitingu til girðinga var varið til að mæta kröfum girðingarlaganna um girðingar meðfram vegum og ristarhlið. Vegna þess hve lítil þessi fjárveiting er, er enn langt í land, að réttmætum kröfum verði fullnægt.

2.3.6. Til rannsókna á Skeiðarársandi.

Fjárveiting var 3.5 m.kr. Fór hluti hennar eða 810 þús. kr. til að greiða áfallinn kostnað 1968, sem til bráðabirgða hafði verið lagður út af Vegagerð ríkisins. Að öðru leyti fór fjárveiting til ýmissa rannsókna og framkvæmda 1969. Hér á eftir verður greint frá því helzta, sem gert hefur verið.

Svæðið hefur verið mælt með tilliti til kortagerðar eftir loftmyndum. Myndun svæðisins er einnig lokið og kortagerð umhverfis Skeiðará, en eftir er að gera kort af vestursvæðum, þ. e. við Súlu og Sandgígjukvísl.

Fyrstu botnrannsóknir hafa verið gerðar á Skeiðarársvæðinu. Byggðir hafa verið varnargarðar í tilraunaskyni við Skaftafellsbrekkur, og er lengd þeirra alls um 0.9 km. Settir hafa verið upp vatnsmælur (sírítar) og rennismælingar framkvæmdar í ánum á Skeiðarársandi og nærliggjandi ám.

Í sambandi við jökulhlaup úr Grænalóni, sem kom s. l. sumar, voru einnig framkvæmdar vatnamælingar þar og í Súlu. Unnið er að samningu jöklafræðilegrar greinargerðar. Auk þess, sem hér hefur verið talið, hafa verið framkvæmdar ýmsar athuganir og mælingar.

2.4. TIL FJALLVEGA O. FL.

2.4.1. Til aðalfjallvega.

1. Kaldadalsvegur:

Fjárveiting 100 þús. kr. var varið til vanalegs viðhalds á veginum.

2. Kjalvegur:

Fjárveiting 400 þús. kr. var varið til vanalegs viðhalds og endurbóta á veginum.

### 3. Fjallabaksvegur nyrðri:

Fjárveiting 150 þús. kr. var varið til vanalegs viðhalds á veginum.

### 4. Sprengisandsleið:

Fjárveiting 350 þús. kr. var varið til vanalegs viðhalds og endurbóta á veginum.

#### 2.4.2. Til annarra fjallvega.

Fjárveiting var 1.4 m.kr. Fé þessu var skipt, eins og hér greinir:

Hetti vegar	Kjördæmi	Upph. í þús. kr.	
1. Vegur að Bláfjöllum .....	Reykjanes	25	
2. Vegur að skíðaskála í Skálafelli .....	—	25	
3. Vegur að skíðaskála í Jósefsdal .....	—	25	75
4. Vegur að Langavatni .....	Vesturlands	30	
5. Vegur að Sanddalsafrétt .....	—	20	
6. Vegur um Arnarvatnsheiði .....	—	20	
7. Vegur að Hitarvatni .....	—	30	
8. Vegur um Brekkudal í Saurbæ .....	—	10	
9. Vegur um Laugardal í Hörðudalshreppi .....	—	20	130
10. Vegur um Laxárdalsheiði .....	Vestfjarða	10	
11. Vegur um Kollafjarðarheiði .....	—	25	
12. Vegur í Keflavík í V.-Barð. ....	—	65	
13. Vegur um Nesdal, V.-Ís. ....	—	15	
14. Vegur um Glámu, V.-Ís. ....	—	10	
15. Vegur að skíðaskála á Ísafirði .....	—	25	
16. Vegur um Trékyllisheiði .....	—	20	
17. Vegur um Haukadalsheiði .....	—	20	190
18. Vegur um Viðidalstunguheiði .....	Norðurl. vestra	30	
19. Vegur um Grímsstunguheiði .....	—	25	
20. Vegur um Hellisvörðuháls .....	—	15	
21. Vegur í Þjófadali .....	—	10	
22. Vegur um Eyvindarstaðaheiði .....	—	10	
23. Vegur um Þorljótsstaðafjall .....	—	140	230
24. Ýmsir fjallvegir í S.-Þing. ....	Norðurl. eystra	50	
25. Vegur að Dettifossi .....	—	40	
26. Vegur um Reykjaheiði .....	—	20	
27. Vegur í Öskju .....	—	50	
28. Ýmsir fjallvegir í N.-Þing. ....	—	20	
29. Vegur um Dalsheiði .....	—	20	200
30. Vegur að Mel í Vopnafirði .....	Austurlands	30	
31. Brúarvegur á Jökuldal, N.-Múl. ....	—	30	
32. Vegur um Hellisfjarðarskriður .....	—	30	
33. Vegur í Seyðisfirði (göngubrýr) .....	—	40	
34. Vegur á Smjörvatnsheiði .....	—	10	
35. Afréttarvegir í Breiðdal .....	—	15	
36. Afréttarvegir í Geithellnahreppi .....	—	30	
37. Vegur um Kollumúla .....	—	45	230

Heiti vegar	Kjördæmi	Upph. í þús. kr.
38. Vegur að Laka .....	Suðurlands	50
39. Fjallabaksvegur syðri .....	—	120
40. Ýmsir fjallv. í Rang. (Fimmv.háls, Tindfj. o. fl.)	—	20
41. Afréttarvegur Hvolshrepps .....	—	25
42. Afréttarvegir í Biskupstungum .....	—	30
43. Vegur um Hlöðuvelli .....	—	30
44. Afréttarvegir Flóa og Skeiða .....	—	15
		— 280
45. Ferðafélag Akureyrar (sæluhús) .....	—	20
46. Ferðafélag Íslands (sæluhús) .....	—	25
47. Ófyrirséð .....	—	20
		— 65
		— 1400

### 2.4.3. Til reiðvega.

Fjárveiting var 200 þús. kr., og skipti Landssamband hestamanna þeirri upphæð til hestamannafélaga á eftirfarandi hátt:

1. Hestamannafélagið Fákur, Reykjavík .....	40 þús. kr.
2. — Dreyri, Akranesi .....	15 — —
3. — Faxi, Borgarnesi .....	20 — —
4. — Léttfeti, Sauðárkróki .....	20 — —
5. — Stígandi, Skagafirði .....	15 — —
6. — Hringur, Dalvík .....	15 — —
7. — Þjálfí, S.-Þing. ....	30 — —
8. — Geysir, Rang. ....	10 — —
9. — Logi, Árn. ....	20 — —
10. — Sleipnir, Selfossi .....	15 — —

Alls 200 þús. kr.

## 2.5. TIL BRÚARGERÐA

### 2.5.1. Til brúa 10 m og lengri.

#### 1. Brú á Hafnará í Melasveit (B1):

Byggð var 10 m löng steipt bitabré með tvöfaldri akbraut, og var framkvæmdum lokið í september. Kemur hún í stað lágrar og mjög mjórrar brúar, sem reynzt hefur hættuleg umferðinni á undanförunum árum. Áætlaður kostnaður er 2.3 m.kr.

#### 2. Brú á Hvítá hjá Bjarnastöðum (B18):

Fjárveiting í ár var 1.0 m.kr., en brú þessi átti geymda fjárv. frá fyrra ári, 2.21 m.kr. Áætlaður kostnaður er hins vegar 7.3 m.kr., og vantar því enn rúmlega helming á fulla fjárveitingu. Samkv. vegáætlun kemur sá hluti 1970 og 1971, og var framkvæmdum því frestað 1969, en fjárveitingunni ráðstafað á annan hátt, sbr. greinargerð um brú á Norðurá í Heiðarsporði.

#### 3. Brú á Laxá hjá Búðardal (B1):

Byggð var 56 m löng steipt bitabré í 3 höfum, og var framkvæmdum lokið í nóvember. Leysti hún af hólmí stálgrindarbitabré frá 1923, sem var mjó og tálmaði umferð stærri farartækja og vinnuvéla. Þá hafði gamla brúin einnig orðið fyrir nokkrum áföllum undanfarin ár. Áætlaður kostnaður er 5.1 m.kr.

4. **Brú á Staðarhólsá hjá Kjarlaksvöllum (sýsluv.):**  
Fjárveiting var 130 þús. kr., og fór hún til greiðslu kostnaðar við smíði 11 m langrar jeppabráar, sem byggð var 1968.
5. **Brú á Þingmannaá á Hjarðarnesvegi (sýsluv.):**  
Byggð var 15 m löng stálbitabrá með timburgólfi 1968. Var þetta gert með tilliti til þess, að hinn nýi vegur undir Þingmannaheiði verður fyrst um sinn tengdur um ofanefndan sýsluveg, en Þingmannaá hefði mjög oft hindrað umferð minni bifreiða, ef óbrúuð væri. Fjárveiting, 420 þús. kr., fer til greiðslu byggingarkostnaðar, en hann var upphaflega greiddur af fjárveitingu vegarins, sbr. skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1968.
6. **Brú á Bjarnardalsá í Bjarnardal (C1):**  
Byggð var um 14 m löng steipt bitabrá í sambandi við endurbyggingu vegarins yfir Gemlufallsheiði. Var framkvæmdum lokið í október. Áætlaður kostnaður er 1.4 m.kr.
7. **Brú á Langá í Skutulsfirði (C24):**  
Ný brú var byggð fyrir lánsfé 1966, sbr. skýrslu um framkvæmd vegáætlunar fyrir það ár. Kostnaður varð 1.216 þús. kr., og fór fjárveiting til greiðslu á honum.
8. **Brú á Hólsá í Bolungarvík (C22):**  
Hér var einnig ný brú byggð fyrir lánsfé 1966, sbr. skýrslu um framkvæmd vegáætlunar fyrir það ár. Kostnaður varð 1.373 þús. kr. og greiðist með fjárveitingu nú.
9. **Brú á Mórillu í Kaldalóni (C27):**  
Fjárveiting var 856 þús. kr., og fór til að greiða kostnað við að endurnýja yfirbyggingu brúarinnar 1968, en hana hafði tekið af í snjóflóði veturinn áður, sbr. skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1968.
10. **Brú á Svartá hjá Fossum (sýsluv.):**  
Fjárveiting var 784 þús. kr. Ný brú var byggð 1967, sbr. skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1967. Var brúin að nokkrum hluta byggð fyrir lánsfé, og fór fjárveiting til endurgreiðslu þess.
11. **Brú á Jökulsá eystri við Austurbug (fjallv.):**  
Fjárveiting var 400 þús. kr. Brú þessi, sem byggð er að frumkvæði allmargra einstaklinga í Skagafirði, og að nokkru leyti í sjálfboðavinnu, opnar jeppum og stærri bifreiðum leið úr Skagafirði suður á Sprengisandsleið. Í brúna er notaður einn af gömlu stálgrindarbitunum frá Jökulsá á Sólheimasandi. Framkvæmdum er ekki lokið.
12. **Brú á Strandhafnará í Vopnafirði (sýsluv.):**  
Byggð var 12 m löng stálbitabrá með timburgólfi, og var framkvæmdum lokið síðari hluta sumars. Áætlaður kostnaður er 800 þús. kr.
13. **Brú á Rangá hjá Flúðum (F1):**  
Byggð var 30 m steipt bitabrá í 2 höfum. Kom hún í stað mjórrar og hættulegrar brúar frá 1913. Framkvæmdum lauk í október. Áætlaður kostnaður er 3.5 m.kr.
14. **Brú á Hólá í Örafum (F1):**  
Lokið var við smíði 16 m langrar stálbitabráar með timburgólfi, en stöplar brúarinnar voru byggðir 1968, sbr. skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1968. Áætlaður kostnaður er 2.1 m.kr.



15. **Brú á Stigá í Öræfum (F1):**

Stöplar voru hér einnig byggðir 1968 og lokið við brúna í ár. Við báðar brýrnar, Hólá og Stigá, voru gerðir allangir varnargarðar. Framkvæmdum lauk fyrri hluta sumars. Áætlaður kostnaður er 2.3 m.kr.

16. **Brú á Holtsá hjá Álftagróf (sýsluv.):**

Fluttur var einn stálgrindarbiti frá Jökulsá á Sólheimasandi, þegar gamla brúin þar var rifin haustið 1968. Var kostnaður þá greiddur af sýsluvegasjóði V.-Skaftafellssýslu. Fjárveiting í ár var 165 þús. kr., og fór hún til endurgreiðslu þessa kostnaðar.

17. **Brú á Fljótsvegi í Landeyjum (G62):**

Ný brú var byggð 1968, sbr. skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1968. Kostnaður varð 1 296 þús. kr. og greiðist hann með fjárveitingunni.

18. **Brú á Ytri-Rangá ofan við Galtalæk (fjallv.):**

Fluttur var stálgrindarbiti frá Jökulsá á Sólheimasandi. Var framkvæmdum lokið í september. Áætlaður kostnaður er 600 þús. kr.

19. **Brú á Eystri-Rangá hjá Djúpadal (G1):**

Byggð var 44 m löng steipt bitabrá í 2 höfum með 7.0 m breiðri akbraut. Leysir hún af hólmi mjóa og lélega brú frá 1914. Brúin var tekin í notkun í byrjun desember. Áætlaður kostnaður er 8.3 m.kr.

2.5.2. Til smábrúa.

Fjárveiting til smábrúa er 6.06 m.kr., og var henni varið til byggingar eftirtal-  
inna brúa:

Heiti	Vegur	Lengd m	Áætl. kostn. þús. kr.	Kostnaður vegasjóðs þús. kr.	Athugasemdir
1. Seleyrargil ytra .....	B1	4	850	850	
2. Oddastaðaá í Hnappad. ....	B33	8	660	660	
3. Skurður hjá Stóra-Langadal	Sýsluv.	5	200	50	Byggð 1968
4. Kaldilækur .....	Sýsluv.	5	80	20	Byggð 1967
5. Miðhúsalækur .....	Sýsluv.	5	100	25	Byggð 1967
6. Ljá í Dölum .....	Sýsluv.	7	360	90	
7. Torfá í Kaldalóni .....	C27	4	180	180	
8. Flautá í Kaldalóni .....	C27	6	220	220	
9. Skiptá á Litlanesi .....	C1	4	800	800	
10. Dalsá í Valþjófsdal .....	Sýsluv.	6	120	30	Byggð 1968
11. Skálaá í Sléttuhlíð .....	D41	6	500	500	
12. Langilækur í Sléttuhlíð ....	D41	7	670	670	
13. Bótárlækur .....	Sýsluv.	5	240	60	Byggð 1968
14. Víkurá í Mýrdal .....	Þéttbv.	7	920	800	
15. Neðradalsá .....	G1	5	660	660	
16. Lækur hjá Borgareyrum ..	Einkav.	4	50	25	Byggð 1968
17. Reykjalækur hjá Þórarinsst.	Sýsluv.	6	240	60	Byggð 1968
18. Kjóstadalækur .....	G18	4	930	930	
19. Hróarsholtslækur í Flóa ...	Einkav.	9	640	320	
Samtals			8 420	6 950 þús. kr.	

Áætlaður heildarkostnaður vegasjóðs við byggingu framangreindra brúa er 6 950 þús. kr. eða 890 þús. kr. hærri en fjárveiting. Til greiðslu kostnaðar umfram fjárveitingu voru til ráðstöfunar 300 þús. kr. af 800 þús. kr. fjárveitingu á lið 2.3.1.2.6 í vegáætlun 1969, en það er endurgreiðsla á vegagerðarkostnaði við byggingu brúar á Seleyrargil innra, sem lagður var fram af smábrúafé 1968. Þá óskaði hreppsnefnd Hvammshrepps (Vík í Mýrdal) í Vestur-Skaftafellssýslu eftir heimild til að leggja fram 590 þús. kr. lán til byggingar brúar á Víkurá í þorpínu, en brúin er á þéttbýlisvegi. Féllst ráðuneytið á þessa lántöku að tillögu vegamálastjóra.

#### Aðrar brúargerðarframkvæmdir.

##### Brú á Norðurá í Heiðarsporði (E1):

Snemma í ágúst s. l. varð brúin á Norðurá í Heiðarsporði fyrir skemmdum. Brúin var steyppt bogabru, byggð 1911, og brotnaði boginn um miðju brúar undan umferðarþunganum. Við nána athugun á skemmdunum kom í ljós, að þær voru svo miklar, að ekki þótti tiltækilegt kostnaðar vegna að framkvæma fullnægjandi viðgerð, sem tryggt gæti þungaumferð um brúna. Ákvað því samgöngumálaráðuneytið að tillögu vegamálastjóra að byggja þarna nýja brú, en samkvæmt vegáætlun átti hún að byggjast 1972.

Áætlaður kostnaður við smíði brúarinnar var 2.4 m.kr. Til bráðabirgða er hann greiddur af geymslufé Hvítár hjá Bjarnastöðum. Samkvæmt vegáætlun fær Hvítá hjá Bjarnastöðum síðasta hluta fjárveitingar sinnar 1971, en fjárveiting til Norðurár er ekki fyrr en 1972, eins og fyrr var getið. Verður því leitað eftir því við endurskoðun vegáætlunar 1970 að fá fjárveitingu Norðurár færða fram, þannig að framkvæmdum við Hvítá geti lokið á tilsettum tíma.

## 2.6 TIL SÝSLUVEGASJÓÐA

Fjárveiting til sýsluvegasjóða í vegáætlun á árinu 1969 var 17.1 m.kr. Tekjur þeirra samkv. 21. og 26. gr. vegalaganna voru áætlaðar 8.2 m.kr. og tekjur samkv. 23. gr. 0.4 m.kr. Áætlaðar heildartekjur sýsluvegasjóðanna voru því 25.7 m.kr.

Við flokkun vega í vegáætlun 1969—72 urðu verulegar breytingar á sýsluvegum. Fimm ár voru liðin frá gildistöku vegalaganna, en samkv. þeim féllu þá úr þjóðvegatölu vegir, sem ekki voru þjóðvegir samkv. 12. gr. þeirra, en voru það fyrir gildistöku laganna. Margir þessara vega urðu sýsluvegir

Enn fremur var sú breyting gerð á vegalögnum í maí 1969, að vegir að kirkjustöðum, félagsheimilum, opinberum skólum og heilsuhælum urðu sýsluvegir í stað þjóðvega. Heimild var og í þessari lagabreytingu fyrir fleiri breytingum á sýsluvegum. Enn olli breyting á búsetu nokkrum breytingum. Áætlað er, að sýsluvegir hafi lengzt um 30% frá 1968.

Svo sem lög gera ráð fyrir, voru samþykktar sýsluvegaáætlanir til 4 ára í flestum sýslum, en í nokkrum tilvikum var áætlun ekki formlega samþykkt, þar sem búið var að halda sýslufund, áður en vegáætlun var samþykkt á Alþingi. Á meðfylgjandi töflu er skrá yfir áætlaðar tekjur sýsluvegasjóða fyrir tímabilið 1969—1972.

Áætlun yfir tekjur samkv. 21. gr. vegalaganna er miðuð við kaup í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. des. 1968, sem var 53.83 kr. á klst. Miðað við 1. des. 1969 munu innheimtar tekjur samkv. 21. gr. hækka um 17% á árinu 1970. Mótframlag vegasjóðs til að mæta þessari hækkun verður þó ekki fyrir hendi fyrr en við endurskoðun vegáætlunar fyrir árin 1971 og '72.

Áætlaðar tekjur sýsluvegasjóða fyrir árin 1969—1972  
Upphæðir í þús. kr.

Sýslur	Heildar- mannfj. í sýslu 1. des. '68	Nettó- samkv. reglug.	Framl. skv.				Heildartekjur		Heildar- tekjur á áætlunar- tímabili					
			Framlag skv. 21. gr. og 26. gr. vegalaga		Ríkisframlag vegag.		1970	1971						
			1969	1970	1971	1972	1969-72	1970-72		1969	1970	1971	1972	
Gullbringusýsla	7 505	4 148	670	673	677	680	40	397	429	1 107	1 142	1 146	1 149	4 544
Kjosarsýsla	3 468	2 454	396	398	400	402	90	491	531	977	1 019	1 021	1 023	4 040
Borgarfjarðarsýsla	1 445	1 445	233	235	236	237	8	365	394	606	637	638	639	2 520
Mýrasýsla	2 116	1 568	253	254	255	256	2	698	755	953	1 011	1 012	1 013	3 989
Snæf.- og Hnappadalss.	4 230	2 934	474	476	479	481	2	870	941	1 346	1 419	1 422	1 424	5 611
Dalasysla	1 164	1 164	188	189	190	191	2	480	531	670	722	723	724	2 839
A.-Barðastrandars.	477	429	69	70	70	70	1	374	404	444	475	475	475	1 869
V.-Barðastrandars.	2 025	1 317	213	214	215	216	2	306	331	521	547	548	549	2 165
V.-Ísafjarðars.	1 761	1 761	284	286	287	289	4	585	633	873	923	924	926	3 646
N.-Ísafjarðars.	1 948	1 948	315	316	318	319	7	366	395	688	719	720	721	2 847
Strandasýsla	1 346	1 173	189	190	191	192	1	535	578	825	769	770	771	3 035
V.-Húnavatnss.	1 395	1 231	199	200	201	202	2	671	726	872	928	929	930	3 659
A.-Húnavatnss.	2 304	1 719	278	279	280	282	21	603	652	902	952	953	955	3 762
Skagafjarðarsýsla	2 512	2 367	382	384	386	388	8	1 099	1 187	1 489	1 579	1 581	1 583	6 232
Eyjafjarðarsýsla	3 856	3 195	516	519	521	524	8	649	702	1 173	1 229	1 231	1 234	4 867
S.-Þingeyjars.	2 804	2 804	453	455	457	460	18	1 168	1 265	1 639	1 738	1 740	1 743	6 860
N.-Þingeyjars.	1 817	1 374	222	223	224	225	5	1 074	1 160	1 301	1 388	1 389	1 390	5 468
N.-Múlas.	2 315	2 315	374	376	378	379	5	1 625	1 757	2 004	2 138	2 140	2 141	8 423
S.-Múlas.	4 969	3 676	594	597	600	603	5	1 067	1 155	1 666	1 757	1 760	1 763	6 946
A.-Skaftafellss.	1 505	1 096	177	178	179	180	4	416	449	597	631	632	633	2 493
V.-Skaftafellss.	1 390	1 390	224	226	227	228	4	688	744	916	974	975	976	3 841
Rangárvallas.	3 169	3 169	512	514	517	519	8	1 218	1 316	1 738	1 838	1 841	1 843	7 260
Árnessýsla	8 346	6 492	1 048	1 054	1 059	1 064	130	1 355	1 465	2 533	2 649	2 654	2 659	10 495
			8 263	8 306	8 347	8 387	377	17 100	18 500	25 740	27 183	27 224	27 264	107 411

## 2.7 TIL VEGA Í KAUPSTÖÐUM OG KAUPTÚNUM

Mannfjöldi kaupstaða og þéttbýlisstaða með 300 íbúum og fleiri, var samkv. endanlegum tölum um mannfjölda Íslands 1. des. 1968, útgefnum af Hagstofu Íslands þann 24. júní 1969:

Kaupstaðir .....	138 301 íbúar
Þéttbýlisstaðir með 300 íbúum og yfir .....	30 670 —
	<u>Samtals 168 971 íbúi</u>
Framlag samkv 32. gr. vegalaga:	
Áætlaðar tekjur 1969 .....	kr. 514 100 000.00
÷ framlag til hraðbr. skv. 32. gr. vegal. —	50 000 000.00
	<u>kr. 464 100 000.00</u>
12½% framlag skv. 32. gr. vegalaga .....	kr. 58 012 500.00
Tekjur vegasjóðs árið 1968 .....	kr. 442 917 492.10
÷ framlag til hraðbrauta .....	— 31 000 000.00
	<u>kr. 411 917 492.10</u>
12½% framlag skv. 32. gr. vegalaga ..	kr. 51 489 686.50
÷ tekið til skipta 1968 .....	— 52 500 000.00
	<u>— ÷ 1 010 313.50</u>
	<u>kr. 57 002 186.50</u>
÷ 10% samkv. 34. gr. vegalaga .....	— 5 700 218.65
	<u>Til skipta kr. 51 301 967.85</u>
	<u>51 301 697.85</u>
Skiptitala á hvern íbúa	<u>— = 303.61 kr.</u>
	<u>168 971</u>

Þéttbýlissvæði með 300 íbúum og fleiri 1. des. 1968, samkv. töflu Hagstofu Íslands frá 24. júní 1969.

	Íbúatala	Framlag
Reykjavík .....	81 026	kr. 24 600 630.00
Kópavogur .....	10 887	— 3 305 446.00
Hafnarfjörður .....	9 334	— 2 833 935.00
Keflavík .....	5 500	— 1 669 877.00
Akranes .....	4 214	— 1 279 429.00
Ísafjörður .....	2 699	— 819 454.00
Sauðárkrókur .....	1 446	— 439 026.00
Siglufjörður .....	2 321	— 704 688.00
Ólafsfjörður .....	1 063	— 322 742.00
Akureyri .....	10 355	— 3 143 925.00
Húsavík .....	1 946	— 590 833.00
Seyðisfjörður .....	940	— 285 397.00
Neskaupstaður .....	1 536	— 466 351.00
Vestmannaeyjar .....	5 034	— 1 528 395.00
Grindavík .....	1 034	— 313 937.00
Sandgerði .....	886	— 269 002.00
Gerðar Gerðahr. ....	611	— 185 508.00
Njarðvíkur .....	1 515	— 459 975 00
Garðakauptún .....	2 539	— 770 876.00
Seltjarnarnes .....	2 040	— 619 373.00
Varmár- og Álafosshverfi .....	325	— 98 674.00

	Íbúatala		Framlag
Borgarnes .....	1 100	kr.	333 975.00
Hellissandur .....	509	—	154 539.00
Ólafsvík .....	984	—	298 756.00
Grafarnes, Grundarfirði .....	571	—	173 364.00
Stykkishólmur .....	1 054	—	320 009.00
Patreksfjörður .....	1 031	—	313 026.00
Bíldudalur .....	335	—	101 711.00
Pingeyri .....	370	—	112 337.00
Flateyri .....	484	—	146 949.00
Suðureyri .....	461	—	139 966.00
Bolungarvík .....	946	—	287 219.00
Hnífsdalur .....	334	—	101 407.00
Hólmavík .....	350	—	106 265.00
Hvammstangi .....	331	—	100 496.00
Blönduós .....	676	—	205 243.00
Skagaströnd .....	503	—	152 718.00
Dalvík .....	1 029	—	312 419.00
Raufarhöfn .....	459	—	139 359.00
Þórshöfn .....	429	—	130 250.00
Vopnafjörður .....	510	—	154 843.00
Egilsstaðir .....	630	—	191 277.00
Eskifjörður .....	912	—	276 896.00
Búðareyri, Reyðarfirði .....	570	—	173 060.00
Búðir, Fáskrúðsfirði .....	713	—	216 477.00
Djúpivogur .....	318	—	96 549.00
Höfn í Hornafirði .....	823	—	249 874.00
Vík í Mýrdal .....	369	—	112 034.00
Hella, Rangárvöllum .....	333	—	101 103.00
Stokkseyri .....	395	—	119 927.00
Eyrbakki .....	506	—	153 629.00
Selfoss .....	2 405	—	730 192.00
Hveragerði .....	813	—	246 838.00
Þorlákshöfn .....	467	—	141 787.85
	Samtals 168 971	kr.	51 301 967.85

Skipting á framlagi samkv. 34. gr. vegalaga (10% sjóður):

1. Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi .....	kr. 4 200 000.00
2. Suðurlandsvegur á Selfossi .....	— 1 300 218.65
3. Reykjavegur í Hveragerði .....	— 200 000.00

Alls kr. 5 700 218.65

## 2.8 TIL VÉLA- OG ÁHALDAKAUPA

### 2.8.1. Vélakaup.

Fjárveiting til vélakaupa var 14.0 m.kr.

Eftirfarandi vélar voru keyptar:

2 stórir vegheflar með útbúnaði til snjóruðnings.

1 snjóblásari.

1 mælingabifreið.

Ýmsar minni vélar og tæki, svo sem véldælur, lofthitarar, snjótennur, festivagn

o. s. frv.

Alls voru keyptar vélar fyrir 11.5 m.kr., en auk þess greiddar skuldir frá fyrri ári um að upphæð 10.0 m.kr., eða vegna vélakaupa 21.5 m.kr. Mismunur umfram fjárveitingu var greiddur af afskriftafé véla.

### 2.8.2. Til byggingar áhaldahúsa.

1. Hafin var bygging 1. áfanga nýs áhaldahúss á Akureyri. Grunnflötur hússins er 1146 m<sup>2</sup>, en rúmmál þess er 6437 m<sup>3</sup>. Í þessum áfanga er vélaverkstæði og skrifstofuhúsnæði. Á árinu var grunnur 1. áfanga steypdur.
2. Framkvæmdum við áhaldaskemmu vestan Lagarfljótsbrúar var frestað til næsta árs.
3. Minni háttar lagfæringar og endurbætur voru gerðar á nokkrum öðrum áhaldahúsum, t. d. endurbætt hitakerfi húsanna á Vegamótum, Þórshöfn og Höfn í Hornafirði.

### 2.9. TIL TILRAUNA Í VEGAGERÐ

Fjárveiting í vegáætlun 1969 .....	2.6 m.kr.
Geymt fé frá 1968 .....	0.5 —

Alls 3.1 m.kr.

Fjárveitingu þessari var varið til eftirfarandi tilrauna og rannsóknarstarfsemi.

1. Tilraunir með ódýr slitlög úr asfalti:  
Hér er um framhald tilrauna frá 1967 og 1968 að ræða, og var í ár lagt slíkt slitlag á 550 m kafla á Kjalarnesi í sambandi við tilraun, sem gerð var þar með festun með sementi.
2. Festun með sementi.  
Tilraunin er framhald tilraunar, sem gerð var á Vesturlandsvegi á Kjalarnesi 1968. Sementsverksmiðja ríkisins lagði fram sement endurgjaldslaust í þessa tilraun, sem er í því fólgin að auka burðarþol vegarins með því að blanda sementi saman við mölina í efsta lagi hans. Á yfirborð hans var svo lagt ódýrt asfaltlag í tilraunaskyni, eins og um getur í 1. Kaflinn var 550 m langur og kostnaður reyndist 1.25 m.kr. (með slitlaginu).
3. Rannsóknir á mól til mannvirkjagerðar.  
Hér er um framhald rannsókna að ræða, sem hófust 1957. Hlutdeild Vegagerðar ríkisins var 125 þús. kr. á þessu ári.
4. Rannsóknir á burðarþoli vega.  
Haldið var áfram tilraunum, sem hófust 1968. Var að þessu sinni mælt burðarþol vega í Reykjaneskjördæmi.
5. Vegir byggðir á mýri.  
Haldið var áfram mælingum á sigi o. fl. á kafla á Suðurlandsvegi austur undir Hellu, sem byggður var á mýri árið 1968. Sams konar rannsóknir hófust á Suðurlandsvegi milli Kögunarhóls og Selfoss. Áætlaður kostnaður 50 þús. kr.
6. Tilraunir með malbik.  
Í sambandi við malbikun Suðurlandsvegjar á Selfossi var lagt malbik á kafla vegarins frá Mjólkurbúi Flóamanna að tilraunakafla austan Gaulverjarbæjarvegjar í því skyni að fylgjast með malbiki, sem lagt er á gamlan malarveg. Kostnaður varð um 500 þús. kr.

7. Einangrun vega.

Tilraun þessi er gerð til að kanna, hvort lag af vikri eða gjalli undir yfirborði vega geti hindrað frost í að ganga svo djúpt í jörðu, sem raun ber vitni, og þannig komið í veg fyrir aurlaup eða stytt verulega þann tíma, sem mest hætta er á aurlaupi. Tilraunin er gerð á Þingvallavegi austan Gljúfrasteins á kafla, sem alla jafna veðst illa upp á vorin. Kostnaður er áætlaður 250 þús. kr.

8. Aðrar tilraunir og rannsóknir.

- a) Fylgt er með malbiki og steypu á Reykjanesbraut m. t. t. burðarþols, slits, yfirborðsófafna o. fl.
- b) Enn eru í rannsókn malbiksblöndur m. t. t. þolni gegn frosti og þíðu og áhrifa salts.
- c) Enn er leitað stöðlunar fyrir því, hvenær malarefni er frosttryggt, og hefur miðað töluvert áleiðis.
- d) Athuganir á rykbíndihæfni mismunandi ofaniburðarefna lá niðri s.l. sumar vegna votviðris.
- e) Verið er að ljúka við 1. áfanga rannsókna á steinefnum til malbiks og steinsteypugerðar, en sífellt er leitað að slitþolnari og þéttari steinefnum, einkum vegna vaxandi notkunar nagladekkja.
- f) Greiddur var helmingur kostnaðar á móti Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins við kaup rannsóknartækja ýmissa, sem nauðsynleg eru við fyrirtaldir tilraunir og rannsóknir.

Kostnaður við a) — f) er um 500 þús. kr.

Allar tilraunir og rannsóknir, sem gerðar eru í rannsóknarstofnu, svo og ýmsar mælingar við aðrar tilraunir, eru gerðar af Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins. Vegna mikilla anna ásamt sífelldum skorti á sérhæfðu starfsliði hjá stofnuninni, hafa sumar tilraunir og rannsóknir dregið mjög og aðrar æskilegar orðið að sitja á hakanum.

9. Tilraunir með snjóblásara.

Snemma á árinu var keyptur snjóblásari af gerðinni Víking PW 1300 frá Noregi og hann reyndur í Eyjafirði, fyrst og fremst á Ólafsfjarðarvegi. Tilraunin er gerð til að fá úr því skorið, hvort snjóblásarar séu hentugri snjóruðningstæki en þau, sem hingað til hafa verið notuð hér á landi. Sá hluti kostnaðar, sem greiddur verður af tilraunafé, er áætlaður 250 þús. kr.

2.10. Greiðsluhalli á vegáætlun.

1. Samkvæmt lið 1.1—1.3 voru áætlaðar tekjur á árinu 514.1 m.kr. en urðu 494.6 m.kr. ....	Halli 19.5 m.kr.
2. Útgjöld samkv. lið 2.1 urðu 1.0 m.kr. hærri en áætlun .....	— 1.0 m.kr.
3. Útgjöld samkv. lið 2.2 urðu 8.0 m.kr. hærri en áætlun .....	— 8.0 m.kr.
4. Útgjöld skv. lið 2.10. urðu 30.8 m.kr., en voru áætluð 31.8 m.kr. ....	— ÷ 1.0 m.kr.

Halli alls 27.5 m.kr.

Áætlaður halli á lið 2.2, viðhald þjóðvega, skiptist þannig, að kostnaður við snjómokstur og flóðaskemmdir hefur orðið um 4 m.kr. hærri en áætlað, en almennt viðhald og brúarviðgerðir um 4 m.kr. hærri en áætlað.

Endanleg reikningsskil vegasjóðs liggja ekki enn fyrir, og getur því framangreind áætlun breytzt eitthvað í einstökum atriðum.